



RÍKISENDURSKOÐUN

Nefndadeild Alþingis
Félagsmálanefnd
b. t. Hafdísar Ólafsdóttur, nefndarritara
Þórshamri við Templarasund
150 REYKJAVÍK

Dagsetning

13. maí 1996

Tilvísun

A-9

LS/bb

Alþingi

Erindi nr. P 12012005

komudagur 13/5 1996

Með bréfi yðar dags. 2. maí 1996 er þess farið á leit við Ríkisendurskoðun að stofnunin láti í té umsögn sína á frumvarpi til laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, 356. mál, samningar við skuldara. Hér á eftir fer umsögn Ríkisendurskoðunar um framangreint lagafrumvarp.

I

Almennt

Samkvæmt frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar er verið að veita stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga heimild til að semja við skuldara meðlaga og afskrifa hluta meðlagsskulda þegar þannig stendur á. Þegar verið er að veita mönnum með þessum hætti undanþágu frá því sem almennt gildir, er það nauðsynlegt að undanþágurnar séu skýrar, afmarkaðar og afdráttarlausar til að tilgangnum með þeim verði náð. Undanþáguheimildirnar mega ekki vera svo víðtækar og almennt orðaðar að þær verði í raun hvatning til vanskila þannig að skilamenn telji sig fá betri fyrirgreiðslu standi þeir ekki í skilum. Að mati Ríkisendurskoðunar þarfnast undanþáguheimildir þessar því nánari skilgreiningar og útfærslu.

II

Tímabundnir samningar

Í frumvarpinu segir að stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga sé heimilt að gera tímabundna samninga við skuldara sem kveða á um greiðslu skuldar á lægri upphæð en til fellur mánaðarlega.

Í frumvarpstextann skortir að mati Ríkisendurskoðunar rammaákvæði um skilmála þeirra samninga sem stjórn Innheimtustofnunar er heimilt að gera samkvæmt frumvarpinu. T. d. þyrfti að setja heimildinni tímaramma, eftir atvikum þannig að hámarkstími samninganna væri ákveðinn í lagatexta. Einnig væri mjög til skýringar

að tilteknar væru í frumvarpstextanum **hvaða aðstæður** skuldarans væru grundvöllur þess að heimilt væri að gera þessa samninga, t. d. hvers konar félagslegar eða fjárhagslegar aðstæður skuldari þarf að búa við til þess að gera megi við hann slíkan samning. Mjög mikilvægt er að takmarka heimildina aðeins við þá skuldara sem brýna þörf hafa fyrir fyrirgreiðslu sem þessa. Einnig verður að telja aðalatriði að tryggja það, að fyllsta jafnræðis verði gætt meðal meðlagsgreiðenda að þessu leyti. Það er ekki hvað síst mikilvægt með tilliti til þeirra meðlagsgreiðenda sem standa í skilum þannig að lagaheimild sem þessi verði ekki hvati að vanskilum skuldara.

Þá skortir að mati Ríkisendurskoðunar fyrirsmáli um hvernig með eftirstöðvar skuldar eigi að fara þegar skuldari hefur greitt meðlagsskuld samkvæmt tímabundnum samningi í einhvern tíma og þær félagslegu aðstæður eru ekki fyrir hendi að heimild sé til að afskrifa hluta skuldar. Koma þarf fram í lagatexta hvort skuld sú sem eftir stendur, þ. e. mismunur á meðlagi og því sem greitt hefur verið samkvæmt samningi, verði öll greidd í lok samningstíma eða hvort henni verði með einhverjum hætti skuldbreytt.

Tillögur þessar miða að því að gera réttarstöðu skuldara og Innheimtustofnunar skýrari en núverandi frumvarpstexti gerir ráð fyrir.

III

Afskriftarheimild stjórnar Innheimtustofnunar

Skv. frumvarpinu er stjórn Innheimtustofnunar heimilt að afskrifa höfuðstól skuldar að hluta eða öllu leyti, ef um sérstaka félagslega erfiðleika er að ræða hjá skuldarmanum. Að mati Ríkisendurskoðunar eiga að miklu leyti sömu sjónarmið við um þetta ákvæði og rakin eru hér að framan. Markvissara væri að skilgreina nánar hvaða félagslegu erfiðleikar geta verið grundvöllur þess að stjórn Innheimtustofnunar er heimilt að afskrifa kröfu með þeim hætti sem gert er ráð fyrir samkvæmt frumvarpinu. Slík skilgreining er einnig til þess fallin að tryggja jafnræði meðal meðlagsgreiðenda og skýra réttarstöðuna.

IV

Niðurstöður

Í stuttu máli má draga ofanritað saman þannig að til að tilgangi frumvarpsins verði náð, þ. e. að auka innheimtuhlutfall Innheimtustofnunar til frambúðar og stækka greiðendahópin, verði að skilgreina og afmarka undanþáguheimildir frumvarpsins betur en gert er.


